

Hafnarfjörður 15. febrúar 2011

Til: Stjórnar Reykjanesfólkvangs

Frá: Menningar- og ferðamálafulltrúa Hafnarfjarðar

Efni: Rekstur og umsjón þjónustu- og salernishúsa við Seltún skv. samningi þar um.

Sumarið 2010 var salernum og þjónustuhúsi komið fyrir við Seltún í Krýsuvík. Nú þarf að taka næsta skref, þ.e. koma rekstrinum á húsunum í betra horf og kanna grundvöll fyrir veitingasölu, gjaldtöku vegna salerna og fl. Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar óskar undirrituð því eftir viðræðum um fyrirkomulag vegna salerna og þjónustuhúsa við Seltún í Krýsuvík.

Rekstrarsamningur á milli Hafnarfjarðarbæjar og Reykjanesfólkvangs, dags. 28. maí 2010, kveður á um að starfsmaður fólkvangsins og landvörður sbr. 9. grein veiti ferðamönnum upplýsingar, skrái gestakomur og hafi umsjón með svæðinu ásamt því að sinna salernum. Þá er lögð áhersla á hreinlætis- og salernisaðstöðu í 6. grein samnings. Nokkrar kvartanir bárust Hafnarfjarðarbæ, tvær skriflegar sem áður hafa verið sendar stjórn Reykjanesfólkvangs til upplýsingar.

Tekið skal fram að hér er ekki verið að leggja fram kvörtun vegna umhirðu salerna sumarið 2010 en engu að síður er óskað eftir viðræðum um hvernig koma megi salernismálum í mun betra horf en síðasta sumar. Hafnarfjarðarbær fékk fulltrúa stjórnar á sinn fund í haust, Óskar Sævarsson, til þess að ræða þessu mál og á þeim fundi var rætt um mikilvægi þess að sumarið 2011 yrði öllum sem standa að því að bæta þjónustu við ferðamenn við Seltún til sóma.

Fylgiskjöl:

Rekstarsamningur um rekstur íveruhúss og salernishúss við Seltún í Krýsuvík

Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar

Tvær skriflegar kvartanir vegna salerna við Seltún 2010.

Marín Hrafnisdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar